

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum 2. júní 2022 að ráða Örnú Láru Jónsdóttur, kt. 300576-5759, í starf bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar frá og með 3. júní 2022, til loka kjörtímabilsins 2026. Því gera Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði og Arna Lára Jónsdóttir með sér svofelldan

ráðningarsamning

1. gr.

Arna Lára Jónsdóttir er ráðin bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar frá og með 3. júní 2022. Ráðningartími hennar varir út kjörtímabil núverandi bæjarstjórnar, þ.e.a.s. til 22. maí 2026.

2. gr.

Bæjarstjóri fer með störf framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og annast þau störf sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, og í samræmi við samþykktir og ákvarðanir bæjarráðs og bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Varðandi störf og starfssvið bæjarstjóra er vísað til VI. kafla sveitarstjórnarlaga, einkum 55. gr. laganna.

3. gr.

Föst mánaðarlaun bæjarstjóra skulu vera kr. 1.095.021 kr,-. Föst yfirvinna verður sem nemur 60 klukkustundum á mánuði eða 682.308 kr.- Orlofsréttur eru 30 virkir dagar á ársgrundvelli. Greiddar eru mánaðarlega 500 km. í bifreiðastyrk samkvæmt ákvörðun um akstursgjald ríkisstarfsmanna nú 120 kr/km.

4. gr.

Fyrir störf í nefndum sveitarfélagsins eða vinnuhópum fær bæjarstjóri ekki sérstakar greiðslur, þ.m.t. fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar. Innifalið í launum er öll yfirvinna. Bæjarstjóra er heimilt að taka að sér störf í stjórnun/nefndum tengdum störfum sínum að höfðu samráði við forseta bæjarstjórnar.

5. gr.

Ferðakostnaður bæjarstjóra vegna erinda á vegum Ísafjarðarbæjar skal greiddur af bæjarsjóði skv. framlögðum reikningum.

6. gr.

Ísafjarðarbær skal greiða afnotagjöld og föst gjöld af farsíma bæjarstjóra. Einnig greiðir Ísafjarðarbær fyrir nettengingu á heimili bæjarstjóra.

7. gr.

Ísafjarðarbær skal greiða lífeyrissjóðsframlag atvinnurekanda af launum bæjarstjóra til þeirra lífeyrissjóða sem bæjarstjóri vísar til.

8. gr.

Ráðningarsamningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót. Uppsögn skal vera skrifleg. Á uppsagnartíma greiðast laun og kostnaður skv. ákvæðum 3., 6. og 7. gr. samningsins.

9. gr.

Bæjarstjóri skal eiga rétt til biðlauna í 6 mánuði frá þeim degi sem hann hættir störfum vinni hann út allt kjörtímabilið. Framangreint gildir þó ekki komi til endurráðningar eftir næstu bæjarstjórnarkosningar.

Á biðlaunatíma skv. framangreindu skal bæjarstjóri eiga rétt á launagreiðslum samkvæmt 3. gr., en ekki greiðslu annars kostnaðar s.s. af síma, nettengingu og bifreiðastyrk samkvæmt 3. og 6. gr., eftir að bæjarstjóri hefur látið af störfum í þágu Ísafjarðarbæjar. Orlofsréttur myndast ekki á biðlaunatíma nema Ísafjarðarbær óski eftir vinnuframlagi bæjarstjóra á tímabilinu.

10. gr.

Launaliðir samkvæmt samningi þessum skulu endurreiknaðir 1. janúar ár hvert til samræmis við þær breytingar er verða á launavísitölu. Grunnur til útreiknings er launavísitala í mars 2022 sem er 839,7 stig.

Varðandi önnur kjaraatriði en að framan greinir, s.s. veikindarétt og tryggingar er vísað til kjarasamnings Ísafjarðarbæjar (SÍS) við Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga (BHM).

11. gr.

Skylt er starfsmanni að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Ísafjörður, 2. júní 2022

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, forseti bæjarstjórnar

Arna Lára Jónsdóttir